



Nýársávarp
forseta Íslands
Vigdísar Finnbogadóttur
1. janúar 1993

Góðir Íslendingar, góðan dag og gleðilegt nýtt ár.

Nú sem fyrr við áramót leiðum við hugann að þeim sem okkur voru kærir og horfið hafa sjónum á liðnu ári. Þessir vinir lifa áfram í minningum okkar, eru hluti af lífinu og því tímanna safni sem mótar hvern einstakling. En um leið og við minnumst með þökk genginna manna og horfinna kynslóða fögnum við og bjóðum velkomna alla þá sem í okkar hóp hafa bæst, ekki síst börnin sem fæðst hafa og við viljum alls til kosta svo þau eigi sér glæsta framtíð í landinu. Þar eru fólgnar vonir okkar allra.

Á þessum tímamótum er mér sjálfri ofarlega í huga, að á nýliðnu ári var mér í fjórða sinn trúað fyrir því að fara með embætti forseta Íslands. Ég vil af heilum huga þakka það traust sem mér var þá sýnt og alla þá vinsemd sem þjóðin hefur veitt mér í starfi mínu, hlýjar óskir, góðar ábendingar, hollráð sem að koma úr ýmsum áttum og við líkleg sem ólíkleg tækifæri.

Á undanförunum mánuðum hefur okkur Íslendingum orðið tíðrætt um erfiðleika sem að okkur steðja. Í annað skipti í sögu lýðveldisins stöndum við frammi fyrir alvarlegu atvinnuleysi. Og atvinnuleysi veldur margþættu böli: það leiðir ekki einungis fátækt yfir þann sem fyrir því verður og hans skyldulið, það dæmir menn úr leik, frá virkri þátttöku í samfélaginu og rýrir þar með sjálfstraust þeirra og þá sjálfsvirðingu sem hverjum manni er nauðsynleg til gæfu, – auk þess sem atvinnuleysi er líklegt til að grafa undan þeirri samstöðu sem okkur er nauðsynleg til að takast á við verkefni okkar og þjóðarskyldur.

Þegar svona stendur á er nauðsynlegra en oft ella að við gerum okkur grein fyrir að erfiðleikar eru tvenns konar. Annars vegar eigum við einatt við skammtímavanda að etja. Hins vegar geta svo við blasað erfiðleikar sem aðeins verða leystir á löngum tíma. Um það er samstaða meðal allra landsmanna að atvinnuleysið sé vandi sem okkur ber *skylda* til að leysa og við *getum* leyst og þannig er greinilegt að við lítum á það sem skammtímaerfiðleika og munum ráða fram úr þeim sem slíkum.

Það hefur engum dulist síðustu árin að veröld okkar er breytingunum háð. Kannski finnst okkur einmitt vera að fást í kringum okkur endanleg sönnun þess að hann hafi haft rétt fyrir sér, gríski heimspekingurinn sem hélt því fram að allt streymdi, nú eða þá Jónas Hallgrímsson sem staðhæfði að „mönnunum munar, annað hvort aftur á bak ellegar nokkuð á leið.“ Fyrir þeim hugsuðum var engin kyrrstaða möguleg. Við horfum á landamæri breytast, múra hrynja, nýjar þjóðir rísa upp, og allt má það verða okkur til áminningar um að lokastöðu verður aldrei náð, að allt er ferli. Það getur meira að segja orðið þjóðinni hættulegt, trúi hún því nokkurn tíma að hún sé komin á lokareit í baráttu sinni fyrir betra og fegurra mannlífi.

Eitt af því sem má jafnan minna okkur á hverfuleikann og breytingarnar er það sem Kristján Eldjárn nefndi „lífbeltin tvö“, sem umlykja okkur í hafinu og á landi. Ég hefi áður dregið á það um áramót, hve mikilvæg umhyggja okkar er fyrir lífbeltunum tveim, arfi kynslóðanna. Við gjöldum þess nú að hafa farið illa með auðlindir hafsins. Þar erum við á báti með fjölda þjóða sem miklar áhyggjur hafa af lífinu í sjónum. Og við þurfum eins og margir aðrir að leggja okkar af mörkum við skynsamlega verndun og ræktun á því lífi sem þar verður til.

Við höfum líka leikið landið grátt á liðnum öldum. En á síðastliðnum áratugum hefur okkur tekist að sanna það fyrir sjálfum okkur, að við getum stundað landvinninga inni á okkar eigin landi, rétt eins og við færðum landhelgina lengra út á hafið. Hver fermetri lands sem okkur tekst að græða upp á Íslandi er sigur fyrir alla þá sem standa frammi fyrir þeirri vá, að allt að einni smálest af jarðvegi tapast á ári á hvert mannsbarn í heiminum. Ef okkur, hér rétt sunnan við heimskautsbaug, tekst að vinna til liðs við okkur örfoka land, þá er það sannarlega saga til næsta bæjar, til annarra landa sem eiga einnig við jarðvegseyðingu að stríða. Hvar sem menn koma saman til að fjalla um ástand jarðar telst það mikil frétt, að Íslendingum hafi tekist að ná þeim áfanga að gróðursetja sextán tré á ári á hvert mannsbarn – og bregða menn þá gjarna á skáldlegan talnaleik um það sem gerast mundi ef fleiri þjóðir gerðu slíkt hið sama. Á nýliðnu ári urðu trén okkar reyndar tuttugu talsins á hvert mannsbarn. – Við höfum einnig náð umtalsverðum árangri í landgræðslu þótt ekki hafi enn tekist að snúa þar vörn í sókn.

Viðleitni okkar til þess að verja og vernda lífbeltin tvö stendur og fellur með því að okkur lærist til fullnustu að bera virðingu fyrir ytra umhverfi okkar. En alveg á sama hátt er okkur nauðsynlegt að tileinka okkur virðingu fyrir mörgu öðru. Þar verður meðal annars nauðsynlegt að spyrja hvort vera kunni einhverjar þær þverstæður í skapgerð okkar Íslendinga sem ráða því að okkur sé áfátt í sjálfsvirðingu okkar og sanngirni í garð annarra?

Okkur er annt hverju um annað þegar á bjátar og vissulega er í því fólgin umhyggja, virðing og tillitssemi. En hvert okkar og eitt óskar þess að eiga virðingu annarra öllum stundum. Samt er það svo að mörgum reynist erfitt að virða stefnumál og skoðanir samferðamanna sinna og sýna fyllstu tillitssemi gagnvart mönnum og málefnum. Réttur hvers og eins til að segja hug sinn allan, vera á öðru máli en maðurinn í næsta húsi eða konan á hæðinni fyrir ofan er í raun hornsteinn lífðráðisins.

Virðing fyrir öðru fólki, virðing fyrir skoðunum annarra, er órjúfanlega háð því að við eigum þann sjálfsga sem sprettur af virðingu hvers einstaklings fyrir sjálfum sér. Í öllu uppeldi, hvort heldur er á heimilum eða í skólum, er það ræktun þess þáttar sem ég vildi helst óska að lögð væri stund á. Því án sjálfsvirðingar einstaklinganna er okkur ógnvekjandi hætta búin.

Vitanlega er aðgátar þörf á þessu sviði eins og öðrum og hér er ekki verið að tala um þá freku sjálfsréttlætningu og tillitsleysi sem við vitum öll að oft stendur gagnkvæmri virðingu fyrir þrifum og um leið sameiginlegu afli okkar til átaka.

Ég minntist áðan á kyrrstöðu og hreyfingu. Oft komumst við svo að orði um börnin okkar og unga fólkið að nú séu þau að verða búin að læra. Og líklega erum við of sjaldan á það minnt að einmitt í menntun er ekki til neinn lokaáfangi, ekkert sem heitir að vera búinn að læra. Því menntun einstaklinga og menntun þjóða, sem allir eru sammála um að sé undirstaða velferðar um alla framtíð, á sér engin verkalok. Þar má aldrei láta staðar numið heldur verðum við ævinlega að vera reiðubúin að endurskoða þekkingu okkar og kunnáttu, bæta við og breyta, skilja og skilgreina upp á nýtt.

Á liðnum vikum og mánuðum hefur hart verið glímt á vettvangi stjórn mála um þær ráðstafanir sem vænlegastar eru taldar til að vinna bug á efnahagslegum þrengingum þjóðarinnar nú um stundir. Rætt hefur verið um aðferð alla, hvernig tekjum skal varið og byrðum skipt. Þau viðfangsefni stjórn málamanna eru hin sömu, hvort sem vel árar eða illa.

Hitt er nýrra að Alþingi hafi til umfjöllunar aðild Íslands að samstarfi evrópskra ríkja um efnahagsmál, alþjóðlegan samning sem haft getur í för með sér miklar breytingar á íslensku þjóðfélagi. Tekist er á um mat á áhrifum samningsins. Annars vegar kemur fram það viðhorf að samningurinn muni hafa þau áhrif að mikilvægar ákvarðanir verði ekki í okkar eigin höndum með sama hætti og verið hefur. Hins vegar er mælt fyrir því sjónarmiði að samningur um evrópskt efnahagssvæði sé einungis eðlilegt framhald af skuldbindingum sem einstök ríki hljóta að taka á sig í auknu alþjóðlegu samstarfi.

Sá margþætti ágreiningur er tengist umræðum um evrópskt efnahagssvæði dylst engum sem fylgst hefur með þjóðmálaumræðu á því ári sem nú er liðið. Hann hefur klofið samtök og flokka og jafnvel hug einstaklinga í rökræðum þeirra við sjálfa sig um kosti og galla slíks samstarfs. Von tekst á við ótta svo að vogaskálar samþykkis og synjunar rísa og hníga til skiptis.

Á því ári sem nú er gengið í garð verða liðnir þrjú aldarfjórðungar frá hinum stærsta sigri sem við Íslendingar unnum í sjálfstæðisbaráttu okkar – frá gildistöku laga er gerðu Ísland að fullvalda ríki, lögðu grundvöll að sambandsslitum við Dani og ruddu okkur þannig braut að fullu sjálfstæði þjóðarinnar og endurreisn lýðveldis á Íslandi. Fullveldi þjóðarinnar á því að vera okkur ofar í huga á nýju ári en endranær. En um leið verðum við að vera minnug þess að fullveldi er ekki þess eðlis að því sé náð og síðan megi setjast um kyrrt. Fullveldi er þróunarferli, síbreytilegt eins og annað í mannheiminum.

Þrjú aldarfjórðungar eru skammur tími á mælistiku heimssögunnar en nálgast þó að vera sá jafnaðarævitími sem forsjónin færir hverjum Íslendingi nú á dögum.

Efst hlýtur okkur öllum að vera í huga hvernig hægt er að efla samstöðu okkar um fullveldi þjóðarinnar og sjálfstæði landsins; samstöðu um þann skilning að fullveldi okkar sé verkefni sem sífellt þarf að vinna og aldrei má leggja til hliðar. Allir þurfa að gera sér þess fulla grein að fullveldið býr í okkur sjálfum; í því felst lífsafstaða okkar og öll framganga á hverjum tíma.

Fullveldi er í því fólgið að við stöndum vörð um íslenska menningu á hverju sem dynur, að við eigum okkur raust í heiminum, að við höldum fullri reisn og látum aldrei efnahagslegar aðstæður draga úr okkur lífsþrótt og baráttuvilja. Við megum ekki snúast hvert gegn öðru í leit að sökudólgum; við megum ekki glata umburðarlyndi og virðingu því aldrei skiptir það jafn miklum sköpum að við sýnum samstöðu og þegar á móti blæs.

Fullveldishugsjónin er fjöregg okkar. Hún á að efla með okkur þjóðlega eindrægni. Hún má ekki víkja fyrir mótbyr í stundarvanda heldur ber okkur að sækja til hennar styrk og hvatningu. Við þurfum að sýna djörfung, dug og fyrirhyggju.

Sérhver framför í sögu okkar hefur verið knúin af afli hugsjóna. Oftsinnis hefur þó rekum verið kastað á framsæknar hugmyndir og hugsjónir manna sem sáu ef til vill lengra fram í tímann en samferðamenn þeirra. En hugsjónir lifa og kenna okkur að sífellt má bæta hag manna og þjóða, að ekkert er fullkomnað og sífellt má sækja fram. Hugsjónir eru ómetanlegur orkugjafi. Þær eru ekki draumórar, heldur geta þær verið leiðarljós að betri kjörum og bættum heimi. Framkvæmd þeirra brúar bilið milli áforms og veruleika.

Við höfum þörf fyrir hugsjónir nú, ekki síður en fyrrum, hugsjónir sem kveða niður þá nauðhyggju að ástandi andartaksins verði ekki breytt, hugsjónir sem vísa því á bug að íslensk þjóð þurfi að sitja föst í doða, úrtölum og úrræðaleysi.

Stundarerfiðleikar og ágreiningur um leiðir að sameiginlegum markmiðum eru eðlileg og síendurtekin viðfangsefni sjálfstæðrar þjóðar. Og öll vitum við innst inni að það eru viðfangsefni sem við ráðum við, því að við getum stuðst við þann lærdóm og þá þekkingu sem við drögum af fortíð okkar. Við getum hagnýtt hugvit okkar og handafl til að standa saman um það sem mestu skiptir fyrir framtíð okkar í landinu, – menningu okkar og sjálfstæði.

Um leið vitum við líka að hugarfar getur verið örlagavaldur í lífi þjóða og ýmsum hefur reynst dýrkeypt að glata trú á framtíðina. Það má aldrei gerast enda höfum við alla burði til að komast vel af. Síst af öllu megum við misþjóða börnum og ungmennum með bölsýni og vonleysi. Til þess er heldur engin ástæða. Glæsileg verkefni á sviði mennta og menningar, hátækniíðnaðar, umhverfismála – sjálfstæð viðfangsefni og samstarfsverkefni með öðrum þjóðum – allt bíður þetta handan næsta leitis. Það eina sem þarf er einbeittur vilji til verka, vilji til að gera betur en hingað til. Þórarinn skólameistari Björnsson komst svo að orði í skólasetningarræðu fyrir hartnær fjörutíu árum:

„Mannshugsjón norrænna manna var drengskapur, en drengur heitir vaskur maður og batnandi, segir Snorri. Þessi skilgreining er stórmerkileg. Fyrst er talað um vaskleika. Það þarf vaskleikann, átakið til alls manndóms. Og þó er hitt orðið, sem valið er, *batnandi*, enn merkilegra. Krafturinn einn er ekki nógur. Hann getur verið bæði af því góða og illa. Hann verður að meta siðferðilegu mati. Og það er ekki einu sinni nóg að vera góður, heldur batnandi. Mestu varðar að stefna í rétta átt, sækja á brattann, upp, hærra.“

Góðir Íslendingar. Ég geri þessi orð hins merka skólamanns að brýningu minni á þessari stundu. Megi gæfa fylgja okkur á nýju ári og um alla framtíð. Guð blessi land og þjóð.